

# Betri umsóknir vef-vinnustofa



Vefvinnustofan  
hefst **kl. 13.00**

Skráning hafin á [bit.ly/betriumsoknir](https://bit.ly/betriumsoknir)

# Vantar þig aðstoð?

Starfsmenn SSNV og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands veita aðstoð og ráðgjöf með umsóknir.

Hægt er að hafa samband í gegnum  
**[www.ssnv.is](http://www.ssnv.is)** og **[www.nmi.is](http://www.nmi.is)**

# Markmið vinnustofunnar

Að gefa umsækjendum **hagnýt ráð við gerð umsókna**

Kynna til leiks **verkfæri sem geta styrkt umsóknir** og greiningar þeirra.

Að bæta gæði umsókna með því að umsækjendur **auki hæfni sína í að sækja um styrki.**

Að **fækka umsóknum sem eru ófullkomnar**, gallaðar, ógildar eða á skjön við reglur.

A faint, light gray outline of a lightbulb is centered in the background. It has a rounded top with several short, radiating lines around it, suggesting it is glowing. The base of the bulb is a simple, rounded shape with three horizontal lines representing the filament.

**Vandaðar umsóknir  
taka tíma!**

# Vandið til verka!

- **Flestir sjóðir eru samkeppnissjóðir.** Umsóknir og verkefni eru borin saman á samkeppnisgrunni af úthlutunarnefnd.
- **Styrkjum er úthlutað á grunni gæða verkefna og gæða umsókna** með hliðsjón af reglum, áherslum og markmiðum sjóðsins hverju sinni.
- Flestir umsóknarsjóðir gera kröfur til verkefna
- Leitið aðstoðar ef eitthvað er óljóst.

# Úthlutunarreglur og leiðbeiningar

- Lesið úthlutunarreglur **VEL og VANDLEGA** – þær segja til um hvernig verkefni eru styrkt. Stundum kemur í ljós að einstakar umsóknir eða hugmyndir passa ekki í viðkomandi sjóð.
- Skoðið fyrri úthlutanir viðkomandi sjóðs.
- Eftir þessa undirbúningsvinnu er tekin ákvörðun um hvort lögð er vinna og tími í að gera umsókn eða ekki!

# Umsóknin er í grunninn sala

- Umsóknin, ásamt fylgiskjölum, er ykkar tækifæri til að ganga í augun á nefndinni og sannfæra þau um að verkefnið ykkar er bæði **mikilvægt** og **nytsamlegt**.

# Lærið af reynslunni

A large, faint, light gray lightbulb icon is centered in the background of the slide. The lightbulb has a classic shape with a rounded top and a base with horizontal lines. Several short, thick lines radiate from the top half of the bulb, suggesting light or an idea.

- Það er auðvelt að falla í þá gryfju að álasa nefndinni, eða verkferlinu, eða einhverju allt öðru yfir að verkefnið fékk ekki styrk.
- Umsækjendur eru alltaf ábyrgir fyrir sínu framlagi, trúverðugleika umsóknar og gæðum hennar gagnvart sjóðsnefndum.
- Leitumst við að gera ekki sömu mistökin tvisvar.



# Yfirbragð umsókna skiptir máli!


- **Trúverðugleiki er algjört lykilatriði.** Í umsóknum þurfið þið að sýna fram á og sannfæra úthlutunarnefndina um að verkefnið geti orðið að veruleika og skilað þeim afrakstri sem að er stefnt. Einnig að aðstandendur þess hafi burði til að framkvæma verkefnið með sóma.
- **Verið raunsæ og nákvæm.** Fólkið sem fer yfir umsóknir spyr sig aftur og aftur: Er verkefnið í heild raunhæft? Eða einstakir liðir umsókna, t.d. fjárhagsáætlun, tímarammi o.s.frv.? Aflið upplýsinga, t.d. um kostnaðarliði og annað sem þörf er á.
- **Verið jákvæð og bjartsýn,** sýnið að ykkur þyki vænt um ykkar eigin verkefni og þið sjálf hafið trú á að framkvæmdin takist.

# Yfirbragð umsókna skiptir máli!

- **Í sumum samkeppnissjóðum** eru umsækjendur beðnir um vídeó, eða slæðusýningu að ákveðinni lengd.
- **Í slíkum tilfellum** er mikilvægt að hugmyndin flaski ekki á útliti og framsetningu. Ef myndband má að hámarki vera 2 mínútur að lengd er mikilvægt að það sé ekki lengra, þar sem dómnefnd mun aðeins dæma fyrstu 2 mínúturnar.
- **Það er mikil synd** að hafa unnið mikla vinnu en hún komist ekki til skila vegna formsatriða.

# Haldið efnistöfum einföldum

- **Ef það er erfitt** að útskýra verkefnið þitt munnlega, þá er sennilega **ennþá erfiðara** að útskýra verkefnið skriflega.
- **Einfalt, hnitmiðað og án málalenginga.**



# Áskoranir og tækifæri SVÓT greining

- **SVÓT** greining verkefna eru góð verkfæri til að fá yfirsýn yfir verkefni; styrkleika þeirra og veikleika, tækifæri og möguleika.
- SVÓT stendur fyrir

**S**tyrkleikar

**V**eikleikar

**Ó**gnanir

**T**ækifæri


**S**

**V**

**Ó**

**T**

## Áskoranir og tækifæri SVÓT greining - dæmi

- 
- |  |   |
|--|---|
| <ul style="list-style-type: none"><li>• Hópurinn að baki verkefninu býr að mikilli þekkingu og færni</li><li>• nálægð við markhópinn</li><li>• mikill áhugi á þessari þjónustuleið skv. markaðsrannsókn.</li></ul> | <ul style="list-style-type: none"><li>• Upphafskostnaður er mikill</li><li>• vanþekking á virkni samfélagsmiðla innan teymis</li></ul>  |
| <ul style="list-style-type: none"><li>• Óvissa í ferðamannaiðnaði - erfitt að treysta á erlenda gesti.</li><li>• markaðurinn þekkir ekki vöruna eða vörumerkið okkar.</li></ul>                                    | <ul style="list-style-type: none"><li>• Í krafti lítillar samkeppni og mikillar sérþekkingar innan hópsins getur verkefnið náð markaðsráðandi stöðu fljótt.</li><li>• Samkeppni lítil eða engin grein í þjónustu sem getur vaxið hratt.</li></ul> |

# Hugsum nú aðeins um „nefndina“!

- Úthlutunarnefnd les mikinn fjölda umsókna á stuttum tíma. Þess vegna þarf umsækjandi að:

... **nota umsóknareyðublaðið**, fylla út alla liði með hnitmiðuðum texta og hafa þar allar lykilupplýsingar. Ekki segja bara „sjá fylgiskjöl“ í reiti fyrir einstaka liði og láta nefndarmenn þurfa að leita í þeim að grunnupplýsingum.

... **skrifa skýrt og skilmerkilega**. Kynna verkefnið, umsækjanda og afraksturinn, eins og nefndarmenn hafi aldrei lesið um þetta þrennt áður.

... **gera vandlega grein fyrir ávinningnum, útkomunni eða afrakstrinum**. Það er alltaf einhver í úthlutunarnefndum sem dái hina mælanlegu mælikvarða.

... **setja fram raunhæfar kostnaðartölur** (ekki ýkja). Það er alltaf einhver í úthlutunarnefndum sem hefur mikla þekkingu á hvað hlutir kosta og hvaða tíma vinna við ólíka verkþætti tekur.

... benda sjálfur í umsókninni á alla jákvæða þætti og tengingar, nefndarmenn taka við ógrynni upplýsinga og þeim gefst ekki tími til að upphugsa slíkt sjálfir.

# Verkefnislýsing & ávinningur

- Skrifið **einfaldan og skýran texta**. Passið að yfirlesari átti sig fljótt á því um hvað verkefnið snýst en varist langlokur um aukaatriði. Passið líka að lýsing sé ekki um of.
- **Nýtið leiðbeiningar** á umsóknareyðublaðinu (smáa lettrið).
- **Beinið sjónum að verkefninu sjálfu:**
  - Bakgrunnur verkefnisins, aðstandendur og forsaga, hver er staðan?
  - Tilgangur og markmið, hvað á að gera?
  - Hver er afrakstur eða niðurstaða verkefnisins?
  - Hvaða ávinningi á verkefnið að skila?
  - Bendið á alla þætti sem styrkja umsóknina, t.d. efnahagslegan og samfélagslegan ávinning, nýsköpunargildi, sérstöðu, samstarfsaðila, gerið einnig grein fyrir hvernig hún passar við áherslur og markmið sjóðsins.

# Verk- og tímaáætlun

- **Vandið ykkur við gerð trúverðugrar tímaáætlunar.** Hún er mikilvæg fyrir trúverðugleika verkefnisins í heild.
- **Skiptið verkefninu upp í verkþætti** og segið hvenær unnið er að hverjum þeirra, hvenær vinna við þá hefst og lýkur. Útkoman er vinnuþáttur eða áætlun sem nýtist síðan umsækjanda vel við úrlausn verkefnisins.
- **Tilgreinið sérstakar tímasetningar** sem áætlaðar eru, vörður og áfanga, einnig verklok. Hvenær áætlað er að afrakstur erfiðisins komi í ljós; s.s. hvenær nýtt fyrirtæki taki til starfa, hvenær starfsmönnum verður fjölgað, hvenær frumsýning eða opnun sé plönuð eða hvenær vara komi á markað.



# Tímaás verkefna

Gantt tímaáætlanir

- **Í mörgum umsóknarferlum** er beðið um tímaás verkefna
- **Gantt-flæðirit** er myndræn leið til að fá yfirlit yfir verkhluta verkefnis.

**Þeir sem eru skráðir á vinnustofuna** fá gantt-plan til innfyllingar sent.

# Tímaás verkefna

einfalt gantt-flæðirit

Task Name	Q1 2019			Q2 2019		Q3 2019
	Jan 19	Feb 19	Mar 19	Apr 19	Jun 19	Jul 19
Planning						
Research						
Design						
Implementation						
Follow up						

# Kostnaðaráætlun

- **Kostnaðaráætlun á að sýna heildarkostnað** við verkefni, bæði efniskostnað og vinnulaun.
- **Kostnaðaráætlun er sundurliðun á útgjöldum, skipt upp í þætti.** Nákvæm og vel sundurliðuð kostnaðaráætlun sýnir góðan undirbúning.
- **Kostnaðartölur þurfa að vera raunhæfar,** ekki ýkja og reynið að muna eftir sem flestum kostnaðarliðum.
- Setjið **ekki inn stórar tölur án útskýringa**

# Fjármögnun

- Þessi liður umsóknarinnar vefst fyrir mörgum en það er enginn ástæða til þess að flækja málin of mikið. Hér þarf **einfaldlega að setja upp áætlun um fjármögnun** og sýna fram á hvernig ætlunin er að tryggja að verkefnið takist, að það **strandi ekki á fjármagni áður en afraksturinn lítur dagsljósið**.
- **Umsækjandinn þarf sjálfur að hafa trú á að það takist að ljúka verkefninu**, ef hann ætlar að sannfæra aðra um hið sama.
- **Sundurliðið fjármögnunaráætlun** eftir því sem mögulegt er:
  - Tekjur af verkefni, t.d. aðgangseyrir, þátttökugjöld, sala varnings o.fl.
  - Styrkir frá t.d. samþykktir styrkir, óafgreiddar styrkumsóknir
  - Eigið framlag, sundurliðið vinnuframlag og beint fjárframlag.

# Fjárhæð styrkumsóknar

- Rými sjóða til úthlutanna er mismunandi. Litlir sjóðir = minni upphæðir, stærri sjóðir = stærri upphæðir.
- **Kynnið ykkur fyrri úthlutanir sjóðsins** til að athuga hvort hugmyndir ykkar rúmast innan þess ramma sem sjóðurinn hefur úr að spila.
- Sækið um raunhæfa upphæð, m.v. þær upphæðir sem sjóðurinn er venjulega að úthluta.

# Aðrar styrkveitingar

- **Hvaða aðra styrki hefur verið eða verður sótt um?**
  - Fyllið reitina samviskusamlega út.
  - Framlög annarra styrkveitenda auka trúverðugleika verkefnisins, auka líkur á að það verði að veruleika og minnka ekki líkur á styrk.
  - Það er jákvætt að umsækjendur hafi allar klær úti.
- **Hvernig verður kynningu á verkefninu háttað?**
  - Öflug kynning og úthugsað plan um kynningu er jákvætt fyrir verkefnið og eykur líkur á styrk. Sýnir að umsækjandi hefur hugsað fyrir öllu.

A faint, light gray outline of a lightbulb is centered in the background. It has a rounded top with several short, radiating lines around it, suggesting light or an idea. The base of the bulb is a simple, rounded shape with three horizontal lines representing the filament.

# **Eftirfylgni og samskipti**

# Þegar styrkur hefur fengist ...

- Sjóður og styrkþegi gera með sér samning um verkefnið þar sem fram koma réttindi og skyldur beggja aðila.
- Í samningnum er m.a. kveðið á um:
  - Greiðslufyrirkomulag
  - Ábyrgð styrkþega
  - Skýrsluskil
  - Samskipti við fulltrúa sjóðsins
- Þetta er mismunandi eftir sjóðum - sumir gera ríkar kröfur, aðrir minni, en það er gott að vera vel undirbúin/n.
- Hægt er að afþakka styrk ef aðstæður hafa breyst eða upphæð dugar ekki.




# Hafið samráð við sjóðinn!

- Athugið að **verkefnisstjóri er ábyrgur fyrir framgangi verkefnisins**. Hann er tengiliður sjóðsins við verkefnið.
- Styrkhafa gefst í sumum tilfellum tækifæri á að endurskoða framkvæmd verkefnisins, verk- og tímaáætlun og kostnað og fjármögnun ef ekki er veittur fullur styrkur miðað við umsókn (Fylgiskjal með samningi).
- **Ef breyting verður á verkefni**, umfangi þess eða tímaáætlun, eftir að skrifað hefur verið undir samning, hafið þá samráð við fulltrúa sjóðsins.
- **Sjóðurinn getur krafist endurgreiðslu** á styrkjum ef ekkert verður af verkefni, ef ekki tekst að ljúka því eða ef það er ekki í takt við umsókn og samning.
- **Styrktaraðilar eiga kröfu á að þeirra sé getið í kynningarefni fyrir verkefnið.**

# Framvindu- eða lokaskýrsla

- **Lokagreiðsla fer fram þegar skilað hefur verið inn lokaskýrslu vegna verkefnisins** og hún samþykkt. Í sumum tilfellum er hægt að skila framvinduskýrslu til að fá hluta af greiðslu ef um hærra styrki er að ræða.
- **Í lokaskýrslu er meðal annars:**
  - Framkvæmd verkefnisins og afrakstri lýst skilmerkilega og lagt mat á ávinninginn.
  - Gerð grein fyrir fjárhag verkefnisins, gjöldum og tekjum.
  - Rætt um framhald mála ef það á við – á verkefnið framtíð fyrir sér?
  - Ath. að hægt er að gera kröfu um að bókhaldsgögn/reikningar (t.d. skannaðir) fylgi lokaskýrslu.
- Ekki er fullnægjandi að í lokaskýrslu sé vísað í umsókn, skýrslan þarf að geta staðið sjálfstætt og gefið heildarmynd.



**Það er æfing** að læra að skrifa góðar umsóknir.

**Lærið af reynslunni.** Hver höfnuð umsókn mun færa ykkur nær því að gera umsókn sem nær árangri.

**Fáið einhvern til að lesa yfir.**

A large, faint, light gray lightbulb icon is centered in the background of the slide. It has several short, thick lines radiating from the top half, suggesting light or an idea.

# Takk fyrir áheyrnina

Nú munum við svara spurningum **til kl 14:30** en þá mun Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur á þróunarsviði Byggðastofnunar taka til máls.